

Heilbrigðisráðherra boðar talsverðar tilslakanir á sóttvarnareglum sem taka gildi á morgun, fimmtudaginn 15. apríl.

Allt íþróttastarf kemst í gang á ný í vikunni, grunnskólabörn geta stundað skipulagt íþrótta-, æskulýðs og tómstundastarf og fjöldatakmörkanir fara úr 10 í 20, samkvæmt nýrri reglugerð heilbrigðisráðherra sem tekur gildi fimmtudaginn 15. apríl. Sundlaugar og skíðasvæði geta opnað aftur og starfsemi líkamsræktarstöðva getur hafist á ný en með takmörkunum.

Íþróttaæfingar og -keppnir barna og fullorðinna með og án snertinga í öllum íþróttum heimilar. Hámarksfjöldi fullorðinna verður 50 manns en fjöldi barna fer eftir sömu takmörkunum og í skólastarfi.

Heilbrigðisráðherra kynnti nýjar sóttvarnareglur á fundi ríkisstjórnarinnar í dag og eru þær í samræmi við tillögur sóttvarnalæknis.

Gert er ráð fyrir að reglurnar gildi í þrjár vikur.

Fram kemur á frétt um málið á [vefsíðu heilbrigðisráðuneytis](#) að í minnisblaði sóttvarnalæknis kemur fram að frá því að aðgerðir á landamærum voru hertar síðast, m.a. með kröfu um sýnatöku hjá börnum og ferðamönnum með vottorð um bólusetningu eða fyrri sýkingu og auknu eftirliti með þeim sem dveljast í sóttkví eða einangrun, hafi daglegum smitum fækkað. Þannig hafi tekist að koma í veg fyrir stærri hópsýkingu eða útbreiðslu smita. Sóttvarnalæknir bendir þó á að ekki hafi tekist að uppræta veiruna úr samfélaginu. Áfram þurfi að viðhafa fyllstu aðgát vegna mikillar útbreiðslu í nálægum löndum og nýrra afbrigða veirunnar. Ýtrasta varkárni á landamærunum sé lykillinn á tilslökunum innanlands.

Breytingarnar í hnotskurn

- Almennar fjöldatakmörkanir verða 20 manns.
- Sund- og baðstöðum og heilsu- og líkamsræktarstöðvum heimilt að opna fyrir 50% af leyfilegum hámarksfjölda gesta, auk annarra skilyrða.
- **Íþróttaæfingar og -keppnir barna og fullorðinna með og án snertinga í öllum íþróttum heimilar. Hámarksfjöldi fullorðinna verður 50 manns en fjöldi barna fer eftir sömu takmörkunum og í skólastarfi.**
- **Allt að 100 áhorfendur eru leyfðir á íþróttakeppnum og -æfingum í skráðum sætum.**
- Skíðasvæðum heimilt að taka á móti 50% af hámarksfjölda móttökugetu hvers svæðis.
- Sviðlistir, þar með talið kórastarf, heimilar með allt að 50 manns á sviði og 100 sitjandi gestum í hverju hólfi, auk annarra skilyrða.
- Hámarksfjöldi við athafnir trú- og lífsskoðunarfélaga áfram 30 manns en fjölgar í 100 manns við útfarir.
- Öllum verslunum heimilt að taka á móti 5 viðskiptavinum á hverja 10 m², þó að hámarki 100 manns, auk 20 starfsmanna í sama rými og viðskiptavinir.
- Skemmtistöðum, krám, spilasölum og spílakössum heimilt að hafa opið með sömu skilyrðum og veitingastöðum þar sem heimilaðar eru áfengisveitingar.
- Verklegt ökunám og flugnám með kennara heimilt.

Við vekjum sérstaka athygli á því að reglugerð heilbrigðisráðherra um málið er enn óbirt. Gert er ráð fyrir því að hún verði birt í Stjórnartíðindum í dag, miðvikudaginn 14. apríl.

Minnisblaðið sóttvarnalæknis